

## Svar

### forsætisráðherra við fyrirspurn frá Karli Gauta Hjaltasyni um stjórnvaldssektir og dagsektir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver var fjöldi ákvarðana um stjórnvaldssektir annars vegar og dagsektir hins vegar í þeim stofnunum sem heyrðu undir ráðherra á árabílinu 2011–2018?
2. Hversu margir voru þolendur ákvarðananna, skipt í einstaklinga og lögaðila?
3. Hver var upphæð sektanna í einstökum tilfellum og heildarupphæðir þeirra á hverju ári?
4. Hversu margar þessara sekta voru innheimtar, hversu margar voru felldar niður eða lokið með öðrum hætti? Hversu mörgum þeirra var skotið til æðra stjórnvalds og hver voru afdrif málsins?

Forsætisráðuneytið sendi erindi á þær stofnanir sem heyra undir ráðuneytið samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 119/2018, og óskaði eftir upplýsingum um stjórnvaldssektir og dagsektir, í samræmi við fyrirspurnina. Svör við einstökum liðum eru eftirfarandi:

1. Fjöldi ákvarðana um stjórnvaldssektir annars vegar og dagsektir hins vegar í þeim stofnunum sem heyrðu undir ráðherra á árabílinu 2011–2018.
  - a. *Seðlabanki Íslands.*

Alls var 38 málum lokið með stjórnvaldssekt í 34 ákvörðunum. Hver ákvörðun gat varðað fleiri en einn málsaðila í sömu ákvörðun. Seðlabankinn lagði ekki á dagsektir á tímabilinu.
  - b. *Hagstofa Íslands.*

Stofnunin beitti hvorki stjórnvaldssektum né dagsektum á árabílinu 2011–2018.
  - c. *Jafnréttisstofa.*

Stofnunin beitti hvorki stjórnvaldssektum né dagsektum á árabílinu 2011–2018.
2. Fjöldi þolenda ákvarðana, skipt í einstaklinga og lögaðila.
  - a. *Seðlabanki Íslands.*

Í fyrrnefndum 38 málum var um að ræða 22 lögaðila og 16 einstaklinga.
  - b. *Hagstofa Íslands.*

Stofnunin beitti hvorki stjórnvaldssektum né dagsektum á árabílinu 2011–2018.
  - c. *Jafnréttisstofa.*

Stofnunin beitti hvorki stjórnvaldssektum né dagsektum á árabílinu 2011–2018.

3. Upphæð sekta í einstökum tilfellum og heildarupphæðir þeirra á hverju ári.  
a. *Seðlabanki Íslands*.

Heildarfjárhæðir stjórnvaldssekta í einstökum tilfellum voru eftirfarandi:

<b>Heildarfjárhæðir stjórnvaldssekta í einstökum tilfellum</b>			
<b>Ár</b>	<b>Upphæð (kr.)</b>	<b>Ár</b>	<b>Upphæð (kr.)</b>
2012	50.000	2015	130.000
2012	45.000	2015	350.000
2013	60.000	2015	290.000
2013	90.000	2015	2.500.000
2013	180.000	2015	40.000
2013	450.000	2015	1.100.000
2014	250.000	2015	50.000
2014	25.000	2016	18.000.000
2014	15.000	2016	400.000
2014	50.000	2016	15.000.000
2014	60.000	2016	1.300.000
2014	95.000	2016	2.500.000
2014	10.000.000	2016	2.500.000
2014	1.400.000	2016	75.000.000
2014	20.000	2016	24.200.000
2014	500.000	2017	22.500.000
2014	25.000.000	2018	185.000

Heildarupphæðir stjórnvaldssekta sundurliðaðar eftir árum voru eftirfarandi:

<b>Heildarfjárhæðir stjórnvaldssekta sundurliðaðar eftir árum</b>	
<b>Ár</b>	<b>Upphæð (kr.)</b>
2011	0
2012	95.000
2013	780.000
2014	37.415.000
2015	22.460.000
2016	120.900.000
2017	22.500.000
2018	185.000

Seðlabankinn lagði ekki á dagsektir á tímabilinu.

- b. *Hagstofa Íslands*.

Stofnunin beitti hvorki stjórnvaldssektum né dagsektum á árabilinu 2011–2018.

- c. *Jafnréttisstofa*.

Stofnunin beitti hvorki stjórnvaldssektum né dagsektum á árabilinu 2011–2018.

4. Fjöldi sekta sem voru innheimtar, felldar niður eða lokið með öðrum hætti. Málskot til æðra stjórnvalds og afdrif máls.

a. *Seðlabanki Íslands.*

Eftirfarandi tafla sýnir innheimtu stjórnvaldssekta og sátta vegna árunna 2011–2018:

Stjórnvaldssektir Seðlabanka Íslands frá 2011–2018								
Ár	Álagning		Breytingar		Greiðslur		Afskrifað	
	Upphæð (kr.)	Fjöldi	Upphæð (kr.)	Fjöldi	Upphæð (kr.)	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi
<b>Stjórnvaldssektir</b>	115.860.000	7	- 115.610.000	6	- 250.000	17		
2012	50.000	1	- 50.000	1		2		
2013	60.000	1	- 60.000	1		2		
2014	250.000	1			- 250.000	3		
2016	115.500.000	4	- 115.500.000	4		10		
<b>Sættir</b>	88.475.000	27	- 42.145.000	16	- 46.323.062	45		
2012	45.000	1	- 45.000	1		2		
2013	720.000	3	- 90.000	1	- 630.000	4		
2014	37.165.000	10	- 37.015.000	6	- 150.000	16		
2015	22.460.000	8	- 4.410.000	6	- 18.050.000	16		
2016	5.400.000	3	- 400.000	1	- 4.993.062	4		
2017	22.500.000	1			- 22.500.000	1		
2018	185.000	1	- 185.000	1		2		
<b>Samtals</b>	<b>204.335.000</b>	<b>34</b>	<b>- 157.755.000</b>	<b>22</b>	<b>- 46.573.062</b>	<b>62</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

Í þremur tilvikum hafa stjórnvaldssektir verið felldar niður með dómi eftir að hafa verið bornar undir dómstóla. Heildarumfang þessara sekta var 114.200.000 kr.

Seðlabankinn hefur að eigin frumkvæði afturkallað 19 ákvarðanir um stjórnvaldssektir í málum sem vörðuðu brot á reglum um gjaldeyrismál sem settar voru á grundvelli heimildar í bráðabirgðaákvæði I í lögum um gjaldeyrismál. Voru ákvarðanirnar afturkallaðar þar sem þær höfðu verið teknar á grundvelli heimilda sem ekki voru taldar gildar refsheimildir. Heildarumfang þessara stjórnvaldssekta var 43.555.000 kr.

Í lögum um gjaldeyrismál er ekki að finna heimild til þess að skjóta ákvörðun til æðra stjórnvalds.

b. *Hagstofa Íslands.*

Stofnunin beitti hvorki stjórnvaldssektum né dagsektum á árabílinu 2011–2018.

c. *Jafnréttisstofa.*

Stofnunin beitti hvorki stjórnvaldssektum né dagsektum á árabílinu 2011–2018.

Aðrar stofnanir og stjórnvöld sem heyra undir forsætisráðuneytið samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 119/2018, hafa hvorki heimildir til að taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir né dagsektir og hafa því ekki verið talin upp hér að framan.